

L Ö G

um lánasjóð stúdenta.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við Háskóla Íslands skal vera sjóður, er ber nafnið lánasjóður stúdenta. Skal sjóðnum varið til að veita stúdentum við háskólann námslán, eftir því sem frekar er kveðið á í lögum þessum.

Stjórn sjóðsins skal skipuð fimm mönnum: tveim tilnefndum af háskólaráði, tveim af stúdentaráði háskólans og einum tilnefndum af menntamálaráðherra, en hann skipar jafnframt formann sjóðsstjórnarinnar. Stjórnarmennirnir skulu skipaðir til þriggja ára í senn, en þó þannig, að eftir fyrstu tvö árin skulu tveir ganga úr eftir hlutkesti.

2. gr.

Lán úr sjóðnum skulu aðeins veitt stúdentum við Háskóla Íslands. Þó getur ráðherra eftir tilmælum sjóðsstjórnarinnar ákveðið, að lánsheimildin nái einnig til annarra stúdenta.

Lánin skulu veitt tvisvar á ári, í nóvember og marz mánuði, og er heimilt að lána út á einu ári allt að 500 000 kr. Hver stúdent skal hafa heimild til að taka lán þau ár, sem hann er í háskólanum, en þó ekki oftar en hæfilegur námstími er talinn í hverri deild. Ár miðast við háskólaár hverju sinni.

Stúdentar skulu enga vexti greiða, meðan á námstíma stendur, en greiða lánin upp með jöfnum afborgunum og $3\frac{1}{2}\%$ vöxtum á tíu árum. Skulu vaxtagreiðslurnar og afborganirnar hefjast þremur árum eftir að námi lýkur. Miða skal við próf eða síðustu lántöku, ef stúdent hverfur frá námi, nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi. Metur sjóðsstjórnin það hverju sinni.

Til tryggingar lánnum þessum skulu lánþegar samþykkja skuldabréf og setja frekari tryggingu, ef hægt er, samkvæmt ákvörðun sjóðsstjórnarinnar.

Bókhald, innheimtu og eftirlit með greiðslum skal sjóðsstjórnin fela opinberri lánsstofnun, en sér að öðru leyti sjálf um daglegan rekstur sjóðsins.

Ráðherra setur reglugerð, þar sem frekar er kveðið á um starfsemi sjóðsins.

3. gr.

Ríkissjóður leggur sjóðnum til 300000 kr. á ári í 25 ár frá stofnun sjóðsins og ábyrgist jafnframt 2.6 millj. króna lán til 10 ára, sem sjóðnum er heimilt að taka á þeim tíma, sem styrkurinn er veittur.

Reikningar sjóðsins skulu birtir í stjórnartíðindum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 20. janúar 1952.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Björn Ólafsson.